

Nafn \_\_\_\_\_

kt: \_\_\_\_\_

- ☐ Gátlisti vegna líf og sjúkdómatryggingar gildir vegna útfyllingar á umsókn, fjárhæðamarka og læknisskoðunar.
- ☐ Umsækjanda hefur verið kynnt að áhættumat er alltaf framkvæmt ef iðgjaldatrygging er valin og váttryggingarfjárhæð er hærri en kr. 250.000.
- ☐ Umsækjanda hefur verið kynnt hvar skilmála er að finna.
- ☐ Umsækjanda hefur verið kynntur kostnaður vegna sparnaðarlíftryggingar, upplýsingar er að finna hér að neðan og á [www.sjova.is](http://www.sjova.is)
- ☐ Lágmarksgreiðsla á mánuði er 6.000 kr. þó ekki lægri sú fjárhæð sem þarf til greiðslu ársiðgjalds og þóknunar.
- ☐ Samningstími er að lágmarki 10 ár og gildir að hámarki til 70 ára aldurs umsækjanda.
- ☐ Ef sótt er um iðgjaldatryggingu er sérstaklega mikilvægt að starfsheiti sé skýrt.
- ☐ Eyðublað vegna sjóðavals fylgir umsókn.
- ☐ **Ef boðgreiðslur og samningur liggur ekki fyrir:** Skrá skal greiðslukortanúmer inn í veftilboðskerfi við samþykkt tilboðs.
- ☐ **Ef nýjar beingreiðslur:** Beingreiðslusamningur þarf að fylgja .
- ☐ **Ef fyrir eru beingreiðslur hjá Sjóvá og viðskiptavinur vill hafa sparnað á greiðslukorti:** Koma þarf skilaboðum með umsókn um að hringja þurfi í viðskiptavin vegna kortaupplýsinga.
- ☐ **Greiðsluþjónusta banka:** Viðskiptavinur merkir við greiðsluseðil og þarf sjálfur að ganga frá því við bankann sinn að þeir greiði kröfuna.
- ☐ **Áreiðanleikakönnun svarað**
- ☐ Ef umsókn er ekki undirrituð með rafrænum hætti skal taka afrit af skilríkjum og vista í viðskiptavinaskjöllum.
- ☐ Lögaðilar geta ekki verið greiðendur eða réttshafar að sparnaðarlíftryggingu.

**Gjaldskrá sparnaðarlíftryggingar** ( Gildir frá janúar 2015. Félagið áskilur sér rétt til breytinga á gjaldskrá þessari án frekari fyrirvara. Hækkun verður þó ekki án þess að slíkt verði borið undir FME áður, fjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs 416,7)

## UPHAFSKOSTNAÐUR

Á fyrstu mánuðum samningstímans greiðist upphafskostnaður sem ræðst af lengd samnings og fjárhæð sparnaðar. Upphafskostnaður er 5 fyrstu mánaðargreiðslurnar. Upphafskostnaður greiðist einnig af hækkun ef mánaðargreiðslur eru hækkaðar á fyrstu 5 árum samningstímans.

## UMSÝSLUGJALD

Árlega reiknast 0,5% af sparnaði vegna umsýslugjalds.

## ÞÓKNUN

2% þóknun dregst frá hverri mánaðargreiðslu áður en einingar eru keyptar í sjóðum. Einnig við eingreiðslu.

## FÆRSLA Á MILLI SJÓÐA

1% þóknun af þeirri fjárhæð sem flutt er. Ekki er unnt að færa lægri fjárhæð kr. 56.500.

**IÐGJALDATRYGGING:** Grunniðgjald er 2,25% af mánaðargreiðslu, en getur breyst ef starfsáhættan er meiri. sjá nánar: [LEI-áhættuflokkun starfsgreina vegna iðgjaldatryggingar](#).

## KOSTNAÐUR VIÐ ÚTBORGUN SPARNAÐAR FYRIR SAMNINGSLOK

- **Allur sparnaður er greiddur út:** athugið að greiða þarf 22% fjármagnstekjuskatt af ávöxtun.
  - Ef greitt er út á fyrstu fimm árum samningstímans er kostnaður 2 mánaðargreiðslur.
  - Ef greitt er út eftir fyrstu fimm árin en áður en tíu ár eru liðin er kostnaðurinn 1 mánaðargreiðsla.
  - Ef sparað hefur verið meira en tíu ár fellur enginn kostnaður til við útborgun sparnaðar.
- **Hluti sparnaðar greiddur út :** athugið að greiða þarf 22% fjármagnstekjuskatt af ávöxtun.
  - Ef hluti sparnaðar er greiddur út á fyrstu fimm árum samningstímans er kostnaðurinn það hlutfall af 2 mánaðargreiðslum sem hlutfall útgreidds heildarsparnaðar er.
  - Ef hluti sparnaðar er greiddur eftir fyrstu fimm árin en áður en tíu ár eru liðin er kostnaðurinn það hlutfall af 1 mánaðargreiðslu sem hlutfall útgreidds heildarsparnaðar er.
  - Ef sparað hefur verið meira en tíu ár fellur enginn kostnaður til við útborgun sparnaðar.

Ef viðskiptavinur óskar eftir að taka út hluta sparnaðar, verður hann sjálfur að ákveða úr hvaða sjóðum er innleyst.